

GJALDSKRÁ

fyrir undanþágu frá banni við hundahaldi í Borgarnesi fyrir árið 2000.

1. gr.

Skráningargjald sbr. staflíð c í 2. gr. samþykktar nr. 577/1995 um bann við hundahaldi í Borgarnesi skal árið 2000 vera kr. 3.000 og greiðist við skráningu hundsins.

2. gr.

Árgjald fyrir að halda hund sbr. staflíð c í 2. grein framangreindrar samþykktar skal vera kr. 7.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

3. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. grein framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000, auk þess sem greiða skal kr. 700 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar samkvæmt 25. grein laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 3. mars 2000.

Eiríkur Ólafsson bæjarritari.

REGLUGERÐ

um fráveitu í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fráveitu í Bessastaðahreppi.

I. KAFLI

Um fráveituna.

2. gr.

Bessastaðahreppur starfrækir fráveitu í sveitarfélaginu, sveitarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun sveitarsjóðs til reksturs og framkvæmda við hana.

Tæknideild sveitarfélagsins fer með umsýjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitunnar í umboði sveitarstjórnar.

3. gr.

Fráveitan veitir fráveituvatni sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.